

Mótun nýrrar stefnu um upplýsingasamfélagið

Stefnumótunarferlið

Framtíðarsýn

Íslendingar verði fremstir þjóða á sviði rafrænnar þjónustu og í nýtingu upplýsingatækni.

Hvað þarf til

Samstillingu og vilja stjórnenda.

Skipulag

Stefnumótunarnefnd

Kjarnahópur ráðuneytisstjóra

Ráðgjafahópur

Tímaáætlun

Dags.	Verkliður
nóv-des 2007	Undirbúningur og greiningarvinna
des	Fundir með ráðuneytisstjórum – mótun Kjarnahóps. Einnig valið í ráðgjafahóp með fulltrúum frá öllum ráðuneytum.
jan 2008	Vefsíða opnuð-Opið samráð. Skilaboðin: Látið okkur vita hvað þið viljið sjá í nýrri stefnu.
3. jan	Kynning á framtíðarsýn fyrir forsætisráðherra
9. jan	Vinnustofa 1 dagur. Boðaðir verða: stefnumótunarnefnd + ráðgjafahópur.
10.-18. jan	Fulltrúi ráðuneytis í ráðgjafahópi kynnir stefnumótunarverkefni í viðkomandi ráðuneyti og setur af stað undirbúningsvinnu.
21.-25. jan	Ráðuneytin fá “stefnuramma” í hendur og útfæra/setja fram tillögur um mælanleg, tímasett markmið. Fundur með ráðuneytum, um útfærslu stefnunnar/ aðstoð og leiðbeiningar.
xx. jan	Fundur með ráðuneytisstjórum/kjarnahópi
6. febrúar	Ráðuneytin skila tillögum sínum. Tímasettum mælanlegum markmiðum.
18. febr.	Opið samráð – bæði á neti og með því að óskað verði eftir umsögn valinna hagsmunaaðila.
ca. 7. mars	Drög að stefnu með framkvæmdaáætlun kynnt ráðherra. Ákvarðanir um fjármögnun framkvæmdarinnar.
lok mars eða apríl	Stefna og framkvæmdaáætlun tilbúin og kynnt á UT-degi.

Capacent – Úttekt á framkvæmd stefnunnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007

Skýrsla Capacent í heild, sjá:

http://www.forsaetisraduneyti.is/upplýsingasamfelagid/Utgefid_efni/nr/2831

Stjórnendasamantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um úttekt á framkvæmd á stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið. Stefnan sem ber yfirskriftina *Auðlindir í allra þágu* og nær yfir tímabilið 2004-2007.

Skýrslan inniheldur annars vegar mat á hverju markmiði stefnunnar og hins vegar mat á skipulagi og framkvæmd stefnunnar.

Mat á þeim 64 markmiðum sem sett eru fram í stefnunni eru í kafla 3. Matið er unnið eftir EFQM gæðamódeli Capacent, þar sem mældir eru fjórir þættir fyrir hvert markmið. Þættirnir fjórir eru: Staða markmiðsins, verkefnastuðningur, afurðir sem tengjast markmiðinu og útbreiðsla afurðanna.

Það er mat Capacent að margt hafi áunnist á þessu tímabili. Sem dæmi má nefna uppsetningu vefgáttarinnar Island.is, rafræn skilríki eru að verða að veruleika og fyrirtæki og stofnanir eru farin að notfæra sér rafræn innkaup í einhverju mæli. Ýmsar vefsjár eru orðnar aðgengilegar almenningi og aðgengi að GSM- og háhraðatengingum er til fyrirmyndar. Aðgengi almennings að alþjóðlegum gagnabönkum s.s. hvar.is eru tryggð. Hægt væri að halda svona lengi áfram, en þrátt fyrir allt er enn nokkuð í land með að uppfylla öll þau markmið sem fram koma í stefnunni. Af þeim 64 markmiðum sem sett eru fram í stefnunni hefur 18 markmiðum verið að fullu lokið, 23 eru langt komin og 11 eru í vinnslu. Að lokum eru 12 markmið sem lítið eða ekkert hefur verið unnið að. Þegar síðan er tekið tillit til gæða afurða, útbreiðslu og verkefnastuðnings þá eru einungis 5 markmiðsem fá hæstu einkunn og 25 sem fá næst hæstu einkunn.

Að mati Capacent eru helstu ástæður þess að ekki hafi náðst betri árangur eftirfarandi:

- Markmiðin eru ekki nægilega vel skilgreind. Flest markmiðanna eru hvorki mælanleg né tímasett og því erfitt að meta árangur.
- Ekki er sett fram forgangsröðun markmiða í stefnunni. Verkefnisstjórnin hefur gefið út forgangsröðun fyrir úthlutanir 2007 og 2008, en það er mat Capacent að meiri árangur næðist ef þessi forgangsröðun væri gefin út með stefnunni.
- Nauðsynlegt er að stuðla að enn frekara átaki í því að auka vitund ráðuneyta og stofnana um möguleika á hagnýtingu, þ.e. aukinni skilvirkni og bættri þjónustu, með notkun upplýsingatækni. Mikið hefur verið gert til að auka þessa vitund, en enn eru nokkur ráðuneyti sem lítið hafa gert til að framfylgja stefnunni. Þar sem að ráðuneyti og stofnanir hafa nánast algjört sjálfstæði í því hvort og hvernig unnið er að stefnunni hefur verkefnisstjórnin litla möguleika á að tryggja að henni sé framfylgt.
- Auka þarf eftirlitshlutverk verkefnisstjórnarinnar. Ráðuneyti hafa engar formlegar skyldur varðandi upplýsingagjöf til verkefnisstjórnar en hafa þó skilað stuttri stöðuskýrslu til hennar árlega, þó misvel hafi gengið að fá þessar stöðuskýrslur.

Þegar staða þessara 64 markmiða er sett í samhengi við stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi er ljóst að Ísland heldur ekki sinni stöðu þegar kemur að nýtingu upplýsingatækni. Ekki er farið ítarlega í alþjóðlegan samanburð, en nokkrir þættir eru þó skoðaðir í kafla 4.5.

Í kafla 4 er fjallað um skipulag og framkvæmd stefnunnar. Þar er fjallað um hugsanlegar breytingar á skipulagi og framkvæmd stefnunnar. Helst má þar nefna breytingar á því hvernig stefnan er unnin. Fyrst þarf að setja fram ramma um forgang ríkisstjórnarinnar. Þessi rammi er byggður á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Verkefnisstjórnin forgangsraðar svo málefnum innan þessa ramma og óskar eftir tillögum ráðuneyta um markmið/verkefni sem falla undir þennan ramma. Þessi markmið eða verkefni eru ítarlega skilgreind og vel mælanleg. Með þessu vinnulagi næst annars vegar betri tenging við markmið ríkisstjórnarinnar og hins vegar er þar komin fram sú forgangsroðun verkefna sem nauðsynleg er. Einnig er nauðsynlegt að tryggja verkefnisstjórninni nægilegt vald til að geta fylgt framkvæmd stefnunnar eftir. Lagt er til að árangur verði gerður upp árlega og staðan gefin út opinberlega. Ekki eru lagðar til neinar breytingar á skipulagi fjármála, áfram verði byggt á því að verkefnisstjórn geti lagt til að verkefni fái úthlutað fjármunum. Með því að gefa út fyrirfram hvaða verkefni eru í forgangi á að vera hægt að minnka óþarfa vinnu ráðuneyta við umsóknir og auka líkur á því að ráðuneyti sæki um fjármagn vegna verkefna sem eru í forgangi.

Við úttekt þessa voru gerðar tvær skoðanakannanir, annars vegar meðal kennara og hins vegar meðal forstöðumanna ráðuneyta og ríkisstofnana. Kannanir þessar eru notaðar víða í skýrslunni sem grunnur að mati á skipulagi og stöðu markmiða.

Helstu niðurstöður úr skoðanakönnun meðal forstöðumanna eru:

- Rúmlega 80% forstöðumanna telja að markmið ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið hafi leitt til betra aðgengis að opinberri þjónustuog upplýsingum.
- Tæplega 40% telja að framkvæmd stefnunnar hafi skilað miklum eða frekar miklum árangri.
- Forstöðumenn upplifa að þeir hafi fengið litla aðstoð við innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu þ.e. um helmingur telur þá aðstoð vera frekar eða mjög litla og tæplega 90% telur það mikilvægt að opinberum stofnunum verði boðin frekari aðstoð.
- Helstu þættir sem forstöðumenn telja að standi í vegi fyrir að opinberar stofnanir innleiði upplýsingatækni í opinberri þjónustu eru skortur á fjármagni og skortur á samræmingu milli opinberra stofnana.
- 35% forstöðumanna hafa ekki heyrt um eða notað þjónustuveituna island.is.

Helstu niðurstöður úr skoðanakönnun meðal kennara eru:

- 50,3% framhaldsskólakennara og 31,8% grunnskólakennara hafa aldrei nýtt sér menntagáttina til að kynna sér hugmyndir og þekkingu um nýjar kennsluaðferðir og nýtingu upplýsingatækni við kennslu.
- Um 26% allra kennara telur kennaranám búa þá vel eða mjög vel undirað nýta upplýsingatækni við kennslu.
- Framhaldsskólakennarar eru mun ánægðari með tölvukost og hugbúnað skólans, 73% telja að búnaðurinn uppfylli þarfir þeirra. 39% grunnskólakennara telja búnaðinn uppfylla þarfir þeirra.
- Yfir 50% framhaldsskólakennara hafa sótt UT ráðstefnu menntamálaráðuneytisins á síðustu 5 árum, en einungis 27% grunnskólakennara.

Minnisblað

Viðtakendur: Ráðuneytisstjórar
Sendandi: Verkefnisstjórn um rafræna stjórnsýslu, verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið
Dagsetning: 10. desember 2007
Efni: Slök frammistaða Íslands á sviði rafrænnar stjórnsýslu

Ísland hefur dregist aftur úr í rafrænni stjórnsýslu



ESB hefur staðið fyrir mælingum á framboði í rafrænni stjórnsýslu undanfarin sex ár og í þeim kemur fram að Ísland hefur verið að dragast aftur úr og er nú komið undir meðaltal ESB-landanna. Í umræddri könnun sem kennd er við CapGemini eru skoðaðir 20 mikilvægir þjónustubættir, 14 fyrir almenning og 8 fyrir fyrirtæki. Mælt er hversu þróaðar þjónusturnar eru, á skala 0-100%.

- 0% - Engar upplýsingar
- 20% - Upplýsingar eru fyrir hendi um þjónustuna
- 40% - Eyðublöð eru á vef sem hægt er að prenta út og fylla í handvirkt
- 60% - Hægt er að fylla í eyðublöð á vef og skila inn rafrænt
- 80% - Hægt er að fylgjast með framvindu erindis á vef
- 100% – Fyrir hendi er forskráning upplýsinga og sjálfvirk afgreiðsla réttinda

Eftirfarandi tafla sýnir í hvaða sæti Ísland hefur lent frá upphafi. Þarna kemur fram að með einni undantekningu höfum við verið mjög neðarlega eða fremur neðarlega.

	okt.01	okt.02	okt.03	okt.04	apr.06	sep.07
Sæti Íslands	14	13	14	9	17	22
Heildarfjöldi landa ¹	17	17	17	25	25	31

Á myndunum hér fyrir neðan er frammistaða Íslands borin saman við meðaltal ESB/EFTA. Þar sést að Ísland liggur undir meðaltalinu og að þróunin hefur staðið í stað síðan 2004.



Fleiri kannanir, m.a. hjá SP og World Economic Forum, komast að svipaðri niðurstöðu varðandi frammistöðu Íslands í rafrænni stjórnsýslu.

Helsta ástæða þessarar frammistöðu er e.t.v. sú að verkefnin hafa ekki fengið þann forgang hjá ráðuneytum og undirstofnunum sem skyldi, og að þeim voru ekki gerð sérstök skil í stefnu tímabilsins 2004-2007 fyrir upplýsingasamfélagið.

¹ Hin fyrstu ár voru einungis Ísland og Noregur með ESB-löndunum, árið 2007 bættust Sviss og Tyrkland í hópinn.

Hvaða þjónustupættir draga Ísland niður?

Setjum svo að Ísland vilji staðsetja sig í fyrstu 15 sætunum (fyrir ofan miðju). Þá skiptast niðurstöðurnar í eftirfarandi tvo flokka:

Vel á veg komið	Ábyrgð	Skor (Sæti)	Átaks er þörf	Ábyrgð	Skor (Sæti)
Fæðingar- og giftingarvottorð	DKM	75% (10-13)	Flutningstilkynningar	DKM	50% (16-19)
Atvinnuleit, atvinnumiðlun	FÉL	100% (1-29)	Tilkynningar til lögreglu	DKM	33% (24-31)
Félagslegur stuðningur	FÉL	88% (11)	Vegabréf og ökuskírteini	DKM	20% (28-31)
Fyrirtækjaskattar	FJR	100% (1-26)	Byggingarleyfi	FÉL sveitarf.	39% (22)
Félagslegt framlag til starfsmanna	FJR	100% (1-25)	Skráning nýrra fyrirtækja	FJR	75% (16-21)
Tekjuskattar einstaklinga (ath.)	FJR	80% (21-29)	Útboð vegna opinberra innkaupa	FJR	50% (24-31)
Tollskýrslur	FJR	100% (1-26)	Heilsutengd þjónusta (t.d. tímabókanir)	HTR	25% (15-20)
Virðisaukaskattur	FJR	100% (1-28)	Innritun í háskóla	MMR	57% (23)
Skil á gögnum vegna tölfræðiskráningar	HAG	100% (1-15)	Bifreiðaskráning	SAM	50% (17-24)
Almenningsbókasöfn	MMR	80% (12-21)	Leyfi tengd umhverfismálum	UMH	40% (15-22)

Skuldbindingar Íslands

Á ráðherraráðstefnum í Manchester árið 2005 og í Lissabon í september 2007 samþykktu ráðherrar ESB- og EFTA-ríkja yfirlýsingu sem ætlað er að fylgja eftir áætlun Evrópusambandsins fyrir upplýsingasamfélagið fram til ársins 2010. Samþykkt ráðherranna felur meðal annars í sér að minnka skuli skrifinnskubyrði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Það felur í sér að auðvelda skal þessum aðilum að nálgast þjónustu hins opinbera, t.d. með því að spara þeim tíma og kostnað.

Árangurinn af aðgerðum ríkisstjórna hvers lands verður mældur árlega og eru ofangreindir 20 þjónustupættir lykilatriði í þeirri mælingu. Einnig þarf hvert land í lok árs 2008 að gera grein fyrir þeim verkefnum sem sett hafa verið á laggirnar í þessu skyni og þeim árangri sem hefur náðst.

Stefna stjórnvalda

Úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar maí 2007: Unnið verði að einföldun og nútímavæðingu stjórnsýslunnar, aukinni notkun á upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu, auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda.

Stefna um árangursríkan ríkisrekstur, samþykkt í ríkisstjórn í des. 2006: “Upplýsingatækni verði í auknum mæli nýtt í samskiptum við fólk og fyrirtæki til að bæta þjónustu og aðgengi að stjórnsýslunni”.

Einfaldara Ísland, verkefni frá 2006. Meðal verkefna til að ná markmiðum um einföldun stjórnsýslunnar á Íslandi eru gátlisti vegna nýrra lagafrumvarpa, einföldun gildandi laga og reglna og bætt þjónusta hins opinbera á Netinu.

Iceland

WORLD ECONOMIC FORUM
SKÝRSLA 2007

Key indicators

Population (millions), 2005.....	0.3
GDP (PPP) per capita (US\$), 2005.....	35,115.1
Internet users per 100 inhabitants, 2005.....	87.8
Internet bandwidth (Mbps/10,000 inhabitants), 2004.....	42.3

Networked Readiness Index

Year (number of economies)	Rank
2006–2007 (122)	8
2005–2006 (115).....	4
2004–2005 (104).....	2
<hr/>	
Global Competitiveness Index 2006–2007 (125)	14

Environment component 1

Market environment 10

1.01 Venture capital availability, 2006.....	12
1.02 Financial market sophistication, 2006.....	16
1.03 Technological readiness, 2006.....	5
1.04 State of cluster development, 2006.....	47
1.05 US utility patents, 2005.....	13
1.06 High-tech exports, 2004.....	68
1.07 Burden of government regulation, 2006.....	1
1.08 Extent and effect of taxation, 2006.....	6
1.09 Time required to start a business, 2006.....	3
1.10 No. of procedures required to start a business, 2006.....	10
1.11 Intensity of local competition, 2006.....	24
1.12 Freedom of the press, 2006.....	20

Political and regulatory environment 3

2.01 Effectiveness of law-making bodies, 2006.....	6
2.02 Laws relating to ICT, 2006.....	17
2.03 Judicial independence, 2006.....	12
2.04 Intellectual property protection, 2006.....	7
2.05 Efficiency of legal framework, 2006.....	3
2.06 Property rights, 2006.....	2
2.07 Quality of competition in the ISP sector, 2006.....	7
2.08 No. of procedures to enforce a contract, 2006.....	1
2.09 Time to enforce a contract, 2006.....	39

Infrastructure environment 1

3.01 Telephone lines, 2005.....	4
3.02 Secure Internet servers, 2005.....	1
3.03 Internet hosts, 2004.....	2
3.04 Electricity production, 2003.....	1
3.05 Availability of scientists and engineers, 2006.....	16
3.06 Quality of scientific research institutions, 2006.....	30
3.07 Tertiary enrollment, 2004.....	15

Readiness component 25

Individual readiness 10

4.01 Quality of math and science education, 2006.....	33
4.02 Quality of the educational system, 2006.....	3
4.03 Quality of public schools, 2006.....	6
4.04 Internet access in schools, 2006.....	1
4.05 Buyer sophistication, 2006.....	27
4.06 Residential telephone connection charge.....	n/a
4.07 Residential monthly telephone subscription.....	n/a
4.08 High-speed monthly broadband subscription, 2006.....	20
4.09 Lowest cost of broadband, 2006.....	18
4.10 Cost of mobile telephone call, 2005.....	6

Business readiness 34

5.01 Extent of staff training, 2006.....	11
5.02 Local availability of research and training, 2006.....	19
5.03 Quality of management schools, 2006.....	16
5.04 Company spending on R&D, 2006.....	21
5.05 University-industry research collaboration, 2006.....	21
5.06 Business telephone connection charge.....	n/a
5.07 Business monthly telephone subscription.....	n/a
5.08 Local supplier quality, 2006.....	19
5.09 Computer, comm., and other services imports, 2004.....	72

Government readiness 25

6.01 Government prioritization of ICT, 2006.....	15
6.02 Gov't. procurement of advanced tech products, 2006.....	47
6.03 Importance of ICT to gov't. vision of the future, 2006.....	8
6.04 E-participation index, 2005.....	62
6.05 E-government readiness index, 2005.....	15

Usage component 4

Individual usage 6

7.01 Mobile telephone subscribers, 2005.....	11
7.02 Personal computers, 2004.....	23
7.03 Broadband Internet subscribers, 2005.....	1
7.04 Internet users, 2005.....	1
7.05 Internet bandwidth, 2004.....	15

Business usage 8

8.01 Prevalence of foreign technology licensing, 2006.....	20
8.02 Firm-level technology absorption, 2006.....	1
8.03 Capacity for innovation, 2006.....	25
8.04 Availability of new telephone lines, 2006.....	1
8.05 Availability of mobile telephones, 2006.....	4
8.06 Extent of business Internet use, 2006.....	8

Government usage 3


9.01 Government success in ICT promotion, 2006.....	9
9.02 Availability of online services, 2006.....	6
9.03 ICT use and government efficiency, 2006.....	3
9.04 ICT pervasiveness, 2006.....	7

Sjá ehf – Hvað er spurnið í opinbera vefi 2007?

Niðurstöður í heild: <http://www.ut.is/konnun2007>


Fjöldi eyðublaða sem eru til hjá stofnuninni, flokkuð í fjóra flokka:

- Eyðublöð sem eru bara til á pappír
- Eyðublöð sem eru á vefnum og hægt er að prenta út
- Eyðublöð sem hægt er að fylla í og senda inn rafrænt (rafræn skil)
- Eyðublöð sem send eru inn rafrænt og jafnframt er hægt að fylgjast með afgreiðslu málsins (málsmeðferð)



Meðaleinkunn vefja (fjöldi 262) á skala 0 til 10:

- Innihald: Um er að ræða grunnupplýsingar sem ættu að vera á öllum vefjum stofnana, til dæmis:
- Nytsemi: Atriði sem varða vegferð viðskiptavinarins um vefinn. Stuðst er við reglur sem þróast hafa í gegnum prófanir með notendum erlendis og héraendis
- Aðgengi: Atriði sem taka tillit til mögulegrar fötlunar viðskiptavinarins. Atriðin byggja á alþjóðlegum reglum
- Þjónusta: Mat á þeirri rafrænu þjónustu sem er í boði á vefjunum



Stefnur og skuldbindingar - útdrættir

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar 2007

1. **Jöfn tækifæri** óháð kyni, búsetu, uppruna og félagslegri stöðu.
2. Ísland í fararbroddi hvað varðar **best lífskjör**.
3. Málefni **ungstu og elstu** kynslóðanna eru forgangsmál
4. **Hugvit og tækni- og verkþekking** ráða úrslitum um velgengni íslenskra fyrirtækja.
5. Skapa kjörskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt, útflutning og útrás íslenskra fyrirtækja, m.a. með aðgerðum til að **efla hátækniönað og starfsumhverfi sprotafyrirtækja**.
6. Tryggja að **alþjóðleg þjónustustarfsemi** geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið.
7. Mikilvægt er að **heilbrigð samkeppni** og eðlileg verðmyndun þrífist á öllum sviðum atvinnulífsins og að **neytendur njóti góðs af þeirri samkeppni**.
8. Unnið verði að **einföldun og nútímavæðingu stjórnarsýslunnar**, aukinni notkun á upplýsingatækni til að **bæta opinbera þjónustu, auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda**.
9. Stefna skal að því að allir landsmenn eigi greiðan **aðgang að menntun, atvinnu og þjónustu óháð búsetu** og fái notið sambærilegra lífskjara.
10. Skilgreind verði þau störf á vegum ríkisins sem hægt er að **vinna án tillits til staðsetningar** og þannig stuðlað að fjölgun starfa á landsbyggðinni.
11. Í rammafjárlögum fyrir næstu fjögur ár verði lögð mikil áhersla á **eflingu innviða samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta**.
12. Tryggja ber að landsmenn hafi allir færi til að nýta sér þá byltingu sem orðin er í **gagnaflutningum**. Ríkisstjórnin vill tryggja **öryggi í gagnaflutningum** til og frá landinu með **nýjum sæstreng** og sömuleiðis að **flutningshraði** gagna aukist í takt við þá þróun sem á sér stað. Góð gagnasamskipti auka mjög aðgengi að menntun og þjónustu, óháð landfræðilegri staðsetningu, og fela auk þess í sér tækifæri til nýsköpunar.

Ráðherryfirlýsing ESB/EES 2007

1. **Rekstrarsambæfi milli landa** (ath. þjónustutilskipunin)
 - a. ýmis tilraunaverkefni milli landa
 - b. rafræn innkaup milli landa
 - c. gagnkvæm viðurkenning rafrænna skilríkja
2. **Minnkun stjórnarsýslubyrði –rafræn stjórnarsýsla**
 - a. mæla þjónustubætti t.d. nota staðalkostnaðarlíkanið
 - b. endurnýta upplýsingar
 - c. lítil og meðalstór fyrirt. njóti minni stjórnarsýslubyrðar
 - d. bæta aðgengi að þjónustu
 - e. auka hagræði og upplifun notandans af þjónustunni.
3. **Aðgengi fyrir alla**
 - a. bjóða upp á markvissa, samþætta, sveigjanlega og aðgengilega þjónustu með ýmsum leiðum s.s. persónuleg eða með mismunandi búnaði
 - b. samþætt þjónusta
 - c. samræming milli hagsmunaaðila sem veita þjónustu
4. **Gagnsæi og lýðræðisleg þátttaka**
 - a. kanna mism. leiðir f. þátttöku almennings
 - b. aukið gagnsæi.

Stefna um árangursríkan ríkisrekstur 2006

1. Íslenska ríkið ætti að vera í fremstu röð Evrópuríkja í nýtingu rafrænnar stjórnarsýslu í starfsemi sinni.
2. Upplýsingatækni verði í auknum mæli nýtt í **samskiptum við fólk og fyrirtæki til að bæta þjónustu og aðgengi að stjórnarsýslunni**.
3. Koma þyrfti á einföldum og öruggum rafrænum samskiptum við ríkið, m.a. með **almennri útbreiðslu rafrænna skilríkja og rafrænum þjónustuveitum**.
4. Koma þarf á einfaldri og skilvirkri leið til **samskipta milli upplýsingakerfa ríkisins** og tryggja að þau geti skipst á upplýsingum á öruggan hátt. Þannig verði **gögn nýtt og endurnýtt** eins og best verður á kosið og **dregið úr marg- og endurskráningu**.

Þjónustutilskipunin (service directive)

Markmiðið er að tryggja fjárlst flæði þjónustu innan ESB/EES. Tilskipunina ber að innleiða innan ríkja Evrópusambandsins eigi síðar en í árslok 2009. Hún fellur undir EES samninginn og er unnið að upptöku hennar í samninginn.

Einfaldara Ísland 2006 - Einföldunaráætlanir ráðuneyta

1. Einföldun gildandi laga og reglna, ný lög verði ekki íþyngjandi
2. Auðvelda almenningi og fyrirtækjum **samskipti við hið opinbera**.
3. **Einföldun eyðublaða, Eyðublöð verði gagnvirk.**

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar 2007

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar endurspeglar sögulegt samstarf tveggja stærstu stjórn málaflókka landsins. Þessir flokkar hafa einsett sér að mynda frjálslynda umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu, bæt看an hag heimilanna og aukna samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ríkisstjórnin mun áfram kappkosta að virkja kraftinn í menningarlífi landsmanna því að menning er í senn vaxandi atvinnugrein, aflvaki nýsköpunar og mikilvægur hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að jafnrétti í reynd verði leiðarljós í allri stefnumótun hennar og stefnir að því að skapa jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð kyni, búsetu, uppruna og félagslegri stöðu. Árangur og hagsæld undanfarinna ára hefur skapað tækifæri til enn frekari framfara og Ísland á að vera áfram í fararbroddi þeirra þjóða sem búa við best líf skjör. Málefni yngstu og elstu kynslóðanna eru forgangsmál ríkisstjórnarinnar og hún mun leggja áherslu á að auka jöfnuð með því að bæta kjör þeirra hópa sem standa höllum fæti. Hún mun vinna að viðtækri sátt í samfélaginu um aðgerðir á sviði efnahags- og félagsmála, um náttúruvernd og auðlindanýtingu og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Ríkisstjórnin mun leitast við að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi og standa vörð um sjálfstæði Alþingis og eftirlitshlutverk þess.

Traust og ábyrg efnahagsstjórn

Kraftmikið efnahagslíf er forsenda þess að hægt sé að halda áfram uppbyggingu í menntamálum, samgöngumálum og í heilbrigðis- og félagsmálum. Eitt brýnasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu í þágu heimila og atvinnulífs. Markmið hagstjórnarinnar er að tryggja lága verðbólgu, lágt vaxtastig, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jafnan og öflugan hagvöxt og áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs. Stórframkvæmdir, skattkerfisbreytingar og aðrar hagstjórnaraðgerðir verða tímasettar í ljósi þessara markmiða. Tryggja verður að íslensk fyrirtæki búi við bestu samkeppnis- og rekstrarskilyrði sem völ er á. Mikilvægt er að rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja tryggi vöxt þeirra og laði að starfsemi erlendis frá. Settur verði á laggirnar samráðsvettvangur milli ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga um aðgerðir og langtímamarkmið á sviði efnahags-, atvinnu- og félagsmála.

Kraftmikið atvinnulíf

Íslenskt atvinnulíf mun einkennast í sívaxandi mæli af þekkingarsköpun og útrás. Samstarf atvinnulífsins og íslensku háskólanna er lykill að bættum árangri og nýsköpun í atvinnurekstri. Ríkisstjórnin mun styðja menningu og listir sem mikilvægan hluta af aðdráttarafla landsins og vaxandi uppsprettu útflutningstekna. Íslensk fyrirtæki eru í harðnandi samkeppni við erlend fyrirtæki, bæði heima og heiman, og á næstu árum mun hugvit og tækni- og verkþekking ráða úrslitum um velgengi íslenskra fyrirtækja. Ríkisstjórnin vill skapa kjörskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt, útflutning og útrás íslenskra fyrirtækja, m.a. með aðgerðum til að efla hátækniiðnað og starfsumhverfi sprotafyrirtækja, svo sem með eflingu Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs. Í umbreytingu íslensks atvinnulífs á undanförunum árum felst meðal annars aukið vægi ýmiss konar alþjóðlegrar þjónustustarfsemi, þar á meðal fjármálaþjónustu. Ríkisstjórnin

stefnir að því að tryggja að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Áhersla verður lögð á að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts. Tímabært er að leysa úr læðingi krafta einkaframtakans svo að íslensk sérþekking og hugvit fái notið sín til fulls í útrás orkufyrirtækja. Mikilvægt er að heilbrigð samkeppni og eðlileg verðmyndun þrífist á öllum sviðum atvinnulífsins og að neytendur njóti góðs af þeirri samkeppni. Efla skal samkeppniseftirlit í því skyni. Ríkisstjórnin leggur áherslu á mikilvægi öflugs landbúnaðar og hágæðaframleiðslu á matvælum í landinu. Unnið verði að endurskoðun landbúnaðarkerfisins með það fyrir augum að auka frelsi, bæta stöðu bænda og lækka verð til neytenda. Tryggja skal stöðugleika í sjávarútvegi. Gerð verður sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu við stjórn fiskveiða og áhrifum þess á þróun byggða.

Hvetjandi skattaumhverfi

Stefnt skal að frekari lækkun skatta á einstaklinga á kjörtímabilinu, meðal annars með hækkun persónuafsláttar. Ríkisstjórnin mun vinna að endurskoðun á skattkerfi og almannatryggingum til að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks. Fyrirtæki skulu búa við stöðugt og örvasandi skattaumhverfi. Á kjörtímabilinu verður leitað leiða til að lækka frekar skatta á fyrirtæki. Þá skal stefnt að því að umhverfisþættir fái aukið vægi í skattastefnunni. Kerfi óbeinna skatta, s.s. vörugjalda og virðisaukaskatts, verði endurskoðað. Stimpilgjald í fasteignaviðskiptum verði afnumið á kjörtímabilinu þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa.

Markviss ríkisrekstur

Unnið verði að einföldun og nútímavæðingu stjórnsýslunnar, aukinni notkun á upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu, auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda. Verkaskipting ráðuneyta verði endurskipulögð og ráðherra, alþingismönnum og stjórnsýslu ríkisins settar siðareglur. Eftirlaunakjör alþingismanna og ráðherra verði endurskoðuð og meira samræmi komið á í lífeyrismálum ráðamanna og almennings. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að ýtrasta aðhalds sé gætt í rekstri hins opinbera þannig að fjármunir skattgreiðenda séu nýttir sem best. Ráðdeild og varfærni í fjármálum hins opinbera er höfuðnaðsyn og áriðandi að hlutur opinberrar starfsemi af þjóðarframleiðslunni vaxi ekki umfram það sem nú er. Gera skal rammafjárlög til fjögurra ára í senn. Þar verði sett fram meginstefna í hagstjórn, viðmið um tekjuöflun og útgjöld ríkissjóðs. Jafnframt verði þjónustuverkefnum og framkvæmdum ríkisins forgangsraðað. Tekju- og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð með það að markmiði að efla sveitarstjórnarstigið.

Barnvænt samfélag

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir markvissum aðgerðum í þágu barna og barnafjölskyldna á Íslandi. Í því skyni verði mótuð heildstæð aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna er byggist meðal annars á rétti þeirra eins og hann er skilgreindur í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Tannvernd barna verði bætt með gjaldfrjálsum eftirliti, forvarnaraðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna. Barnabætur verði hækkaðar til þeirra sem hafa lágar tekjur og nemendur í framhaldsskólum fái stuðning til kaupa á námsgögnum. Sérstaklega verði hugað að stuðningi við börn innflytjenda í

skólakerfinu. Jafnframt verði aukinn stuðningur við langveik börn, börn með hegðunarvandamál, geðraskanir og þroskafrávik. Þegar í stað verði gripið til aðgerða til að vinna á biðlistum á því sviði. Hugað verði að foreldraráðgjöf og –fræðslu. Forvarnastarf gegn kynferðislegu ofbeldi verði eflt og stuðningur við fjölskyldur ungmenna, sem eiga í vanda vegna vímuefnaneyslu, aukinn. Fæðingarorlofið verði lengt í áföngum.

Bættur hagur aldraðra og öryrkja

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja. Unnið verði að einföldun almannatryggingakerfisins. Samspil skatta, tryggingabóta, greiðslna úr lífeyrissjóðum og atvinnutekna einstaklinga verði skoðað sérstaklega til að tryggja meiri sanngirni og hvetja til tekjuöflunar og sparnaðar. Hraðað verði uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða og einbýlum fjölgað. Sólarhringsþjónusta verði efld og einstaklingsmiðuð þjónusta aukin. Dregið verði úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu. Stefnt verði að hækkingu frítækjumarks vegna atvinnutekna fyrir aldurshópinn 67-70 ára. Tekjutenging launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga verði að fullu afnumin sem og skerðing tryggingarbóta vegna tekna maka. Skoðað verði hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu. Jafnframt skal stefnt að því að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði. Almennit skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu lækki í 35%. Fylgt verði eftir tillögum örorkumatsnefndar um stórauðna starfsendurhæfingu og nýtt matskerfi varðandi örorku og starfsgetu. Jafnframt verði komið til móts við þann hóp sem er með varanlega skerta starfsgetu. Stefnt verði að því að færa ábyrgð á lögbundinni þjónustu við aldraða og fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Jafnrétti í reynd

Gerð verði áætlun um að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu og stefnt að því að hann minnki um helming fyrir lok kjörtímabilsins. Ríkisstjórnin vill koma á samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um að leita leiða til að eyða þessum launamun á almennum vinnumarkaði. Endurmeta ber sérstaklega kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meirihluta. Stefnt skal að því að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og stjórnunarstöðum á vegum ríkisins. Tryggður verði réttur launafólks til að skýra frá launakjörum sínum ef það svo kýs. Trúfélögum verði veitt heimild til að staðfesta samvist samkynhneigðra.

Menntakerfi í fremstu röð

Ríkisstjórnin setur sér það markmið að allt menntakerfi þjóðarinnar, frá leikskóla til háskóla, verði í fremstu röð í heiminum. Framfarir og hagvöxtur komandi ára verða knúin áfram af menntun, vísindum og rannsóknum. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir áframhaldandi fjárfestingu í rannsóknum og menntakerfi þjóðarinnar. Áhersla verður lögð á gæði, sveigjanleika og fjölbreytni í námsframboði þannig að allir geti fundið nám við sitt hæfi. Fjölgað verður námsleiðum og áhersla aukin á valfrelsi nemenda og einstaklingsmiðuð nám, meðal annars til að draga úr brottfalli nemenda á framhaldsskólaaldri. Efla skal list- og verkmenntun á öllum skólastigum og auka náms- og starfsráðgjöf. Lögð verður áhersla á að skapa ný tækifæri til náms fyrir þá sem hafa

eingöngu lokið grunnskólaprófi og efla fullorðinsfræðslu innan skólakerfis og á vinnumarkaði. Stefnt skal að auknu faglegu og rekstrarlegu sjálfstæði skóla og minni miðstýringu. Unnið verði að lengingu og aukinni fjölbreytni í kennaranámi. Lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna verði endurskoðuð með það að markmiði að bæta kjör námsmanna enn frekar.

Öruggr heilbrigðisþjónusta og vímuefnavarnir

Stefna ríkisstjórnarinnar er að á Íslandi sé veitt heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða. Leggja á stórauðna áherslu á forvarnir á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum. Leita á leiða til að lækka lyfjaverð og einfalda greiðslupátttöku hins opinbera. Kostnaðargreina á heilbrigðisþjónustuna og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Skapað verði svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum, en jafnframt tryggt að allir hafi að henni jafnan aðgang, óháð efnahag. Nauðsynlegt er að bregðast hart við aukinni vímuefnavá með öflugri fræðslu og forvörnum, stuðningi við fjölskyldur í vanda, fjölbreyttum meðferðarúrráðum og hertri löggæslu. Ríkisstjórnin leggur sérstaklega áherslu á að meðferðarúræði séu nægjanleg fyrir þá sem ánetjast vímuefnum og tryggt sé að þjónusta á þessu sviði sé samþætt og markviss og gagnist öllum hópum sem á þurfa að halda. Fylgja þarf eftir áætlunum um uppbyggingu fangelsa.

Landið verði eitt búsetu- og atvinnusvæði

Stefna skal að því að allir landsmenn eigi greiðan aðgang að menntun, atvinnu og þjónustu óháð búsetu og fái notið sambærilegra lífshæðna. Skilgreind verði þau störf á vegum ríkisins sem hægt er að vinna án tillits til staðsetningar og þannig stuðla að fjölgun starfa á landsbyggðinni. Í rammafjárlögum fyrir næstu fjögur ár verði lögð mikil áhersla á eflingu innviða samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta. Úrbætur í samgöngum eru lykilatriði til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og lækka flutningskostnað. Styttri vegalengdir milli byggðakjarna og öruggrari vegir skapa möguleika á stærrri og lífvænlegri atvinnu- og búsetusvæðum. Ráðist verði í stóráttak í samgöngumálum og aukin áhersla lögð á umferðaröryggi og almenningssamgöngur. Ríkisstjórnin mun beita sér sérstaklega fyrir úrbótum á samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins. Tryggja ber að landsmenn hafi allir færi til að nýta sér þá byltingu sem orðin er í gagnaflutningum. Ríkisstjórnin vill tryggja öryggi í gagnaflutningum til og frá landinu með nýjum sæstreng og sömuleiðis að flutningshraði gagna aukist í takt við þá þróun sem á sér stað. Góð gagnasamskipti auka mjög aðgengi að menntun og þjónustu, óháð landfræðilegri staðsetningu, og fela auk þess í sér tækifæri til nýsköpunar.

Í sátt við umhverfið

Ríkisstjórnin einsetur sér að Ísland verði í fararbroddi þjóða heims í umhverfismálum. Íslensk stjórnvöld, fyrirtæki og menntastofnanir eru í einstakri stöðu til þess að láta til sín taka á alþjóðavettvangi í baráttu gegn mengun og sóun náttúruauðlinda. Ríkisstjórnin stefnir að því að ná víðtækri sátt um verndun verðmætra náttúrusvæða landsins og gera skýra áætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Ríkisstjórnin hyggst efla skógrækt og landgræðslu meðal annars í þeim tilgangi að binda kolefni í andrúmsloftinu. Einnig verði skipulega unnið að aukinni notkun vistvænna ökutækja, m.a. með því að

beita hagrænum hvötum. Til að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða er mikilvægt að ljúka rannsóknum á verndargildi þeirra og gildi annarrar nýtingar. Sérstök áhersla verði lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt verður að því að ljúka vinnu við rammaáætlun fyrir lok árs 2009 og leggja niðurstöðuna fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu. Þar til sú niðurstaða er fengin verði ekki farið inn á óröskuð svæði án samþykkis Alþingis, nema rannsóknar- eða nýtingarleyfi liggi fyrir. Nokkur svæði, sem talin eru mikilvæg út frá verndunarsjónarmiðum af stofnunum umhverfisráðuneytisins, verði undanskilin nýtingu og jarðrask þar óheimilt þar til framtíðarflokkun hefur farið fram í samræmi við staðfestar niðurstöður hinnar endurskoðuðu rammaáætlunar. Slík svæði eru Askja, Brennisteinsfjöll, Hveravellir, Kerlingafjöll, Kverkfjöll og Torfajökull. Vatnasviði Jökulsár á Fjöllum verði bætt við Vatnajökulsþjóðgarðinn og tryggt að ekki verði snert við Langasjó í virkjanaskyni. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum verði tryggð þannig að það nái yfir hið sérstaka votlendi veranna.

Umbætur í innflytjendamálum

Mikilvægt er að stjórnvöld, atvinnulífið og samfélagið allt taki saman höndum við að berjast gegn fordómum gagnvart minnihlutahópum, hvort sem þeir fordómar byggjast á uppruna eða öðrum þáttum. Unnin verði heildstæð framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem hafi það markmið að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og rækta menningu sína. Tryggt verði að útlendingar á vinnumarkaði njóti sambærilega réttinda og íslenskt launafólk og að allar ráðningar erlends verkafólks séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Komið verði í veg fyrir félagsleg undirboð á vinnumarkaði. Átak verði gert í íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Frumkvæði í alþjóðamálum

Mannréttindi, aukin þróunarsamvinna og áhersla á friðsamlega úrlausn deilumála verða nýir hornsteinar í íslenskri utanríkisstefnu. Ný ríkisstjórn harmar stríðsreksturinn í Írak og vill leggja sín lóð á vogarskálar friðar í Írak og Miðausturlöndum, m.a. með þátttöku í mannúðar- og uppbyggingarstarfi. Íslendingar eiga að stefna að því að taka forystu í baráttunni gegn mengun hafsins og alþjóðlegu starfi til að bregðast við loftslagsbreytingum. Að öðru leyti byggist stefna ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum á þeim gildum sem legið hafa til grundvallar samvinnu vestrænna lýðræðisríkja, norrænu samstarfi og viðleitni þjóða heims til að auka frelsi í alþjóðlegum viðskiptum. Ríkisstjórnin mun fylgja markaðri stefnu í öryggis- og varnarmálum og koma á fót samráðsvettvangi stjórn málaflökkanna um öryggismál. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að allar meiriháttar ákvarðanir um utanríkismál verði teknar í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis.

Opinská umræða um Evrópumál


Ríki Evrópusambandsins eru mikilvægasta markaðssvæði Íslands. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur reynst þjóðinni vel og hann er ein af grunnstoðum öflugs efnahagslífs þjóðarinnar. Skýrsla Evrópunefndar verði grundvöllur nánari athugunar á því hvernig hagsmunum Íslendinga verði í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópusambandinu. Komið verði á fót föstum samráðsvettvangi stjórn málaflökka á

Alþingi sem fylgist með þróun mála í Evrópu og leggi mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Nefndin hafi samráð við innlenda sérfræðinga og hagsmunaaðila eftir þörfum.

Endurskoðun stjórnarskrár

Haldið verður áfram endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins. Áhersla verður lögð á að leiða til lykta ágreining um þjóðareign á náttúruauðlindum í ljósi niðurstöðu sérnefndar um stjórnarskrármál um það atriði á síðasta þingi.

Þingvöllum 23. maí 2007



RÁÐHERRAYFIRLÝSING

samþykkt samhljóða í Lissabon, Portúgal

þann 19. september 2007


Fundur í Lissabon í tengslum við ráðherraráðstefnuna um rafræna stjórnýslu, „Hvernig nýta má kosti rafrænnar stjórnýslu“. Þátttakendur eru portúgalskir aðilar, sem gegna formennsku í leiðtogaráðinu og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna; ráðherrar aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB), inngönguríkja, umsóknarlanda; og ráðherrar landa í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA); en þessir aðilar bera ábyrgð á stefnumótun í rafrænni stjórnýslu. Fundarstjóri er ráðherrann Pedro Silva Pereira, sem er fulltrúi þeirra er gegna formennsku í leiðtogaráðinu, og viðstaddur er varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, Siim Kallas.

RÁÐHERRARNIR MINNAST ÞESS AÐ:


1. Í mars 2005 fór leiðtogaráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina, ráðið og aðildarríki að hleypa aftur af stokkunum Lissabon-áætluninni með því að beina athyglinni á nýjan leik að vexti og atvinnumálum í Evrópu. Nú er unnið að Lissabon-samstarfsverkefninu um vöxt og atvinnu víða innan ESB og á það að vera áfram í brennidepli í tengslum við breytingar á opinberri þjónustu. Það mun á ótvíræðan hátt stuðla að nýrri og betri þjónustu við borgara og fyrirtæki.
2. Framtaksverkefnið i2010, „Evrópskt upplýsingasamfélag sem stuðlar að vexti og framþróun í atvinnumálum“, er meginþáttur í því að viðhalda Lissabon-samstarfsverkefninu um vöxt og atvinnu. Það var samþykkt af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna í júní 2005.
3. Ráðherryfirlýsingin um rafræna stjórnýslu var gefin út í Manchester í nóvember 2005, þegar Bretland gegndi formennsku í Evrópusambandinu. Yfirlýsingin fól í sér metnaðarfull markmið fyrir árið 2010 og hafði viðtæk áhrif í Evrópu.
4. Aðgerðaáætlunin i2010 fyrir rafræna stjórnýslu var samþykkt af ráðinu í júní 2006. Áætlunin var samræmd við markmið Manchester-yfirlýsingarinnar og á hún að styðja við markmið yfirlýsingarinnar. Manchester-ráðherryfirlýsingin og aðgerðaáætlunin gegna mikilvægu hlutverki við að skapa samvirkni á milli aðildarríkja.
5. Framfylgni evrópskra tilskipana, svo sem tilskipunar um þjónustu, er í auknum mæli háð upplýsinga- og fjarskiptatækni, sem gerir mögulega breytingu á stjórnýsluferli fyrir einstaklinga og fyrirtæki um alla Evrópu.

RÁÐHERRARNIR VIÐURKENNA AÐ:

6. Samskiptaleiðir borgara við opinberar þjónustustofnanir halda áfram að þróast. Tæknin og samfélagið halda áfram að breyta því hvernig borgarar og fyrirtæki eiga í samskiptum við opinberar þjónustustofnanir og breyta í vaxandi mæli væntingum þeirra til þessara opinberu stofnana. Viðs vegar í Evrópu er mikið fjárfest í opinberri þjónustu sem byggir á upplýsinga- og fjarskiptatækni. Það er mjög mikilvægt fyrir hið opinbera að tryggja að borgararnir og fyrirtækin hafi hag af þeim fjárfestingum. Til þess að ná árangri er því afar brýnt að skilja og viðurkenna mikilvægi þess að opinberar þjónustustofnanir taki mið af þörfum borgaranna og að stjórnýslubyrði sé minnkuð.



7. Góður árangur hefur náðst í því að framfylgja markmiðum Manchester-ráðherrarýfirlýsingarinnar og að ná markmiðum aðgerðaáætlunarinnar fyrir rafræna stjórnarsýslu. Lönd í Evrópu eru komin vel áleiðis með framtaksverkefnum fyrir rafræna stjórnarsýslu og hafa lagt fram mikilvægan skerf til þess að ná markmiðum Lissabon-framkvæmdaáætlunarinnar um vöxt og atvinnu. Mikill meirihluti landa hefur þróað innanlandsstefnu í samræmi við Manchester-yfirlýsinguna og aðgerðaáætlunina og stefnir að því að ná markmiðunum sem sett voru fyrir árið 2010. Sameiginlegar áætlanir um rafræna auðkenningu, rafræn innkaup og aðgengi fyrir alla hafa verið þróaðar og samþykktar af aðildarríkjunum.
8. Rafræn stjórnarsýsla er orðin ríkjandi þar sem framfylgni flestra stefna innan Evrópusambandsins eða innan einstakra ríkja krefst lausna á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. Grein 8 í þjónustutilskipuninni krefst þess til dæmis að rafrænar aðferðir séu notaðar og þarf tilskipunin yfirleitt á viðtækum lausnum á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni að halda, sem hægt er að nota í mörgum löndum.
9. Til þess að koma til móts við þörfina á að skiptast á upplýsingum á milli landa, til dæmis vegna skuldbindinga þjónustutilskipunarinnar, verða aðildarríkin að leggja frekari áherslu á að ná fram rekstrarsamhæfi á milli landa. Mikilvægi þessa hefur nú þegar komið í ljós á sviðum þar sem um er að ræða rafræna auðkenningu og rafræn innkaup. Markmiðið um að ná fram rekstrarsamhæfi á jafnframt við um framfylgni 8. greinar þjónustutilskipunarinnar, sem krefst yfirleitt rafrænna auðkenna og rafrænna skjala sem hægt er að nota og staðfesta í mörgum löndum. Skynsamleg notkun tækninnar mun stuðla mjög að eflingu innri markaðar, sem krefst yfirleitt viðtæks rekstrarsamhæfis milli ríkiskerfa, sem og innan hvers ríkiskerfis, til þess að tryggja innri markað án rafrænna hindrana.
10. Til þess að ná fram hinum metnaðarfullu i2010 Manchester-markmiðum og markmiðum aðgerðaáætlunarinnar, eiga aðildarríkin einnig að halda áfram vinnu í forgangsverkefnum á sviði eftirfarandi stefnumála:
 - 10.1. Hið sameiginlega stefnumið ESB um að auka rekstrarsamhæfi á milli landa og minnka stjórnsýslubyrði krefst þess að aðildarríkin tilgreini þjónustubætti og aðgerðir sem geta breytt og einfaldað aðgang borgara að opinberri þjónustu.
 - 10.2. Tryggja þarf að allir borgarar hafi hag af því að stjórnsýslustofnanir nýti upplýsinga- og fjarskiptatækni. Því á stefna um aðgengi fyrir alla að skilgreina hvernig best sé að sameina þjónustu á internetinu og aðrar leiðir, svo sem aðstoð stuðningsaðila sem þurfa að hafa yfir að ráða fyrsta flokks upplýsinga- og fjarskiptabúnaði.
 - 10.3. Notkun upplýsinga- og fjarskiptabúnaðar til að framfylgja stefnu um gagnsæi og lýðræðislega þátttöku hefur tekist vel í mörgum framtaksverkefnum innan ríkja, héraða og sveita. Með því að deila reynslu af þessum verkefnum sem og aðgerðum um rafræna þátttöku, sem voru undirbúnar af Evrópuþinginu og hleypt af stokkunum af framkvæmdastjórninni árið 2006, mun fást mikilvæg reynsla.
11. Þörf er á áframhaldandi samvinnu til þess að bæta frekar við árangur teymis i2010 verkefnisins um rafræna stjórnarsýslu, en það hefur leitast við að ná Manchester-markmiðunum og markmiðum aðgerðaáætlunarinnar fyrir árið 2010. Einnig er ljóst að hin nýja hliðaráætlun um stefnu í upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT PSP) innan rammaáætlunarinnar um samkeppnishæfni og nýsköpun ásamt viðbótaráætlunum og -stefnum gegna mikilvægu hlutverki. Þær eru hvatning til nýrra verka sem byggja á fjárfestingu einstakra aðildarríkja í rafrænni stjórnarsýslu.



12. Breyting Evrópu þannig að í efnahagslífinu sé tekið tilliti til umhverfisins, orka sé nýtt vel og um litla losun gróðurhúsalofttegunda sé að ræða, er pólitískt forgangsverkefni. Nauðsynlegt er að kanna frekar hugsanlegt framlag rafrænnar stjórnsýslu til þessa verkefnis.
13. Á mörgum sviðum opinberrar þjónustu geta umbreytingar, sem til koma vegna tækni, bætt til muna niðurstöður og áhrif. Sú getur orðið raunin ef ferlum í tengslum við veitingu þjónustu, mótun stefnu og stjórnsýslu er breytt, sem og viðkomandi stofnunum. Umbreyting krefst sterkar forystu til þess að nýta kosti nútímatækni og til þess að tengja kostina við stjórnun breytinga.

RÁÐHERRARNIR SAMÞYKKJA EFTIRFARANDI STEFNUMÓTANDI FORGANGSAÐGERÐIR:

1. Rekstrarsamhæfi á milli landa

Efla samvinnu á milli aðildarríkja, fyrst og fremst með mikilvirkum og víðtækum tilraunum, sem gert er ráð fyrir í hliðaráætlun um stefnu í upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT PSP), um rafræn innkaup á milli landa og gagnkvæma viðurkenningu á rafrænum skilríkjum ríkja. Huga skal stöðugt að skilgreiningu tæknistaðla og opinberra forskrifta og að þau séu opin.

Tilgreina þau svið sem aðildarríkin myndu vinna saman á og ákveða, í samráði við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, viðeigandi starfsaðferðir við að skilgreina, þróa, hrinda í framkvæmd og fylgjast með almennu rekstrarsamhæfi á milli landa, sem yfirleitt er nauðsynlegt til þess að framfylgja þjónustutilskipuninni.

Til þess að styðja við þessi markmið ætti að flýta útgáfu rafrænna skilríkja fyrir borgara og fyrirtæki sem og aðgerðum tengdum rafrænum innkaupum, þar sem það er undirstaða breyttra þjónustupátta sem hafa hvað mest áhrif.


Í lok ársins 2008 eiga aðildarríkin að koma fram með lista yfir ný forgangssvið, til þess að geta veitt þjónustu sem hefur mikil áhrif, og sem hægt verður að þróa frekar í allri Evrópu með stuðningi áætlana ESB.

2. Minnkun stjórnsýslubyrði

Nota rafræna stjórnsýslu til þess að stuðla að minni stjórnsýslubyrði á borgurum og fyrirtækjum í Evrópu. Nota alþjóðlega viðurkennda aðferðafræði (t.d. staðalkostnaðarlíkanið) til þess að mæla þjónustupætti þar sem rafrænar stjórnsýslulausnir eru nýttar, og leggja áherslu á kosti og áhrif af því að nýta upplýsinga- og fjarskiptatækni í almannþjónustu. Endurnýta upplýsingar ef hægt er, en taka þó tillit til þess lagaramma sem er í gildi, sérstaklega laga um gagnavernd. Ennfremur skal sérstakri athygli beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem eiga sérstaklega að njóta áhrifa minni byrði og hagkvæmrar opinberrar þjónustu.

Veita rafræna opinbera þjónustu, sem er auðveldara að nota og gagnast öllum borgurum, með því að leggja aðaláherslu á notandann, og á að bæta aðgengi, hagræði og upplifun notandans af því að nota þjónustuna.

Í lok ársins 2008 eiga aðildarríkin að gera grein fyrir árangri innan opinberra þjónustustofnana þeirra þar sem rafrænum stjórnsýslulausnum hefur aðallega verið beitt, og þar sem töluverðum árangri hefur verið náð í því að minnka stjórnsýslubyrði. Þau eiga að leitast við að tilgreina og forgangsraða, með tilliti til



framtíðarþróunar, þeim verkefnum á sviði rafrænnar stjórnsýslu, sem munu á næstu árum stuðla mest að því að minnka stjórnsýslubyrði, sérstaklega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Fyrir árið 2010 eiga aðildarríkin að nota sameiginlegan þekkingarramma og miða að því að læra af reynslu hver annars. Þau eiga einnig að deila með sér góðum verklagsreglum um mælingu á ávinningi upplýsinga- og fjarskiptatækni og þeim áhrifum sem notkunin hefur á opinbera þjónustu.

3. Aðgengi fyrir alla

Auka félagsleg áhrif með því að tryggja að allir íbúar hafi hag af rafrænni þjónustu opinberra aðila. Stuðla að því að skapa betra félagslegt umhverfi, meiri samheldni, meiri skilvirkni og auka áhrif opinberrar þjónustu á hópa sem þurfa á félagslegum stuðningi að halda og þá sem nota ekki sjálfir beint upplýsinga- og fjarskiptatækni. Bjóða upp á markvissa, samþætta, sveigjanlega og aðgengilega þjónustu, sem veitt er með ýmsum leiðum, svo sem persónulega þjónustu starfsfólks og nútímalegan upplýsinga- og fjarskiptabúnað, en viðhalda einnig og tryggja hefðbundnar leiðir. Greiða fyrir samþættri veitingu þjónustu og meiri samræmingu á milli mismunandi hagsmunaaðila sem sjá um að veita þjónustu á öllum stigum. Sérstök áhersla skal lögð á stuðningsaðila sem þurfa á þjálfun að halda og verða að hafa lagalega heimild til þess að framkvæma fyrir hönd borgara, ef þess þarf með.

Í lok ársins 2008 eiga aðildarríkin að tilgreina og skiptast á upplýsingum um aðalframtaksverkefni sín á sviði rafrænnar stjórnsýslu, er varða þarfir þeirra sem eru illa settir og hugsanlega geta ekki nýtt sér rafræna þjónustu í boði.

4. Gagnsæi og lýðræðisleg þátttaka


Kanna nýjar leiðir fyrir þátttöku almennings og aukið gagnsæi fyrir tilstuðlan nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir lýðræðislega þátttöku og gagnsæi.

Deila reynslu af því að ýta undir lýðræðislega þátttöku og gagnsæi fyrir tilstuðlan upplýsinga- og fjarskiptatækni, og nýta til þess vinnu Evrópuráðsins og annarra evrópskra stofnana.

Í lok ársins 2008 á hvert aðildarríki að tilgreina og skiptast á upplýsingum um framtaksverkefni sín sem miða að því að nýta rækilega rafrænar aðferðir til þess að auka þátttöku og opinberar umræður.

Við framfylgd ofangreindra stefna, hefja aðildarríkin umbreytingar sem tæknin gerir þeim kleift. Umbreytingarnar munu hafa áhrif á og tengjast öllum sviðum hins opinbera og leiða til þess að samrekstur þjónustu verði algengari. Aðildarríkin verða að hvetja til og stýra nýsköpun ferla og endurskipulagningu þeirra.


Aðildarríkin skulu halda áfram að stuðla að friðhelgi einkalífs og persónuvernd sem og að stuðla að trausti og öryggi með t.d. almennri notkun rafrænna skilríkja og rafrænnar auðkenningar.



Aðildarríkin skulu kanna möguleika á því að nýta megi aðgerðir varðandi rafræna stjórnsýslu til að hafa veruleg áhrif á loftlagsvernd og orkusparnað, einkum til þess að draga úr neyslu og mengun.

RÁÐHERRARNIR FARA ÞESS Á LEIT VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA AÐ:

1. Styðja samvinnu á milli aðildarríkjanna þegar að því kemur að framfylgja þjónustutilskipuninni og koma á samvirkni á milli viðkomandi áætlana og stofnana ESB til þess að auðvelda aðildarríkjunum að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í tilskipuninni.
2. Auðvelda samvinnu á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna til þess að skilgreina, þróa, framfylgja og fylgjast með rekstrarsamhæfi á mörgum sviðum á milli landa.
3. Ljúka fyrir mitt ár 2008 tengdri vinnu samkvæmt áætlun um IDABC („Interoperable Delivery of European eGovernment Services to public Administrations, Businesses and Citizens“, „veiting rafrænnar og rekstrarsamhæfrar opinberrar þjónustu til evrópskra opinberra stjórnsýslustofnana, fyrirtækja og borgara“) og leggja til endurskoðaða útgáfu af ramma um rekstrarsamhæfi í Evrópu til þess að stuðla að þróun rekstrarsamhæfis rafrænnar opinberrar þjónustu í álfunni, í nánun samstarfi við aðildarríkin.
4. Halda áfram að nota viðeigandi aðferðir til að styðja við framkvæmdaáætlun fyrir rafræna stjórnsýslu í Evrópu. Einkum hina árangursríku samvinnu í teymi í 2010 verkefnisins um rafræna stjórnsýslu og IDABC-áætlunina. Einnig er afar mikilvægt að þróa áfram tilraunir og þemanetkerfi innan hliðaráætlunarinnar um stuðning við upplýsinga- og fjarskiptatæknistefnu (ICT PSP) til að auðvelda framfylgni stefnu um rafræna stjórnsýslu.
5. Auðvelda samvinnu aðildarríkjanna til að minnka stjórnsýslubyrði með stuðningi viðkomandi áætlana. Leitast við að minnka byrði með því að hagræða og einfalda þær tilskipanir sem fyrir eru og beita þessum meginreglum við löggjöf í framtíðinni. Framtíðarlöggjöf ætti sérstaklega að sjá fyrir og meta áhrif á grunnvirki upplýsinga- og fjarskiptatækni og umbreytingu þjónustu.
6. Auðvelda framfylgni vegvísis um aðgengi fyrir alla, sem samþykktur var af aðildarríkjunum, styðja við tilraunir í tengslum við aðgengi fyrir alla, sem gert er ráð fyrir innan hliðaráætlunar um stuðning við upplýsinga- og fjarskiptatæknistefnu (ICT PSP), og stuðla að því að aðildarríki deili með sér reynslu af vel heppnuðum verkefnum.
7. Byggja á yfirstandandi könnunaraðgerðum í tengslum við rafrænt lýðræði og skilgreina framtíðarstuðningstæki til þess að kanna og nýta kosti rafræns lýðræðis, tilgreina vel heppnuð verkefni og hvetja til þess að aðildarríkin deili með sér reynslu sem þau hafa öðlast.
8. Halda áfram vinnu til að tryggja að vel heppnuð verkefni á sviði rafrænnar stjórnsýslu séu kynnt og að aðildarríkin deili þeim með sér, og að þessi verkefni séu tekin upp víða í Evrópu með því að nýta að fullu þá möguleika sem til staðar eru, til að skiptast á reynslu af vel heppnuðum verkefnum (rafræn verkefni).
9. Halda áfram að þróa vandaðar matsaðferðir, í samvinnu við aðildarríkin og alþjóðlegar stofnanir (t.d. Efnahags- og framfarastofnunin). Leggja áherslu á umbreytingu fyrir tilstuðlan upplýsinga- og fjarskiptatækni og áhrifin sem umbreytingin hefur á rafræna



opinbera þjónustu (bæði í afgreiðslu og bakvinnslu). Fylgjast reglulega með og greina frá árangri framfylgni aðgerðaáætlunarinnar í 2010 um rafræna stjórnsýslu í aðildarríkjunum.

10. Skilgreina og styðja við rannsóknir á rafrænni stjórnsýslu til að styðja við tilgreindar stefnumótandi aðgerðir.

Ráðherrarnir styðja forgangsverkefnum og aðgerðirnar, sem lýst er hér að ofan. Þeir munu íhuga hvernig best er að samtvinnna þau ríkisáætlunum og í lok ársins 2008 munu þeir greina frá þeim árangri sem náðst hefur og aðgerðum sem hafa verið áformaðar til þess að ná þessum markmiðum.

Ráðherrarnir eru sammála um að umbótaáætlanir ríkja, sem krafist er samkvæmt Lissabon-áætluninni, skuli tilgreina sérstaklega áhrif viðeigandi framtaksverkefna rafrænnar stjórnsýslu fyrir vöxt og atvinnu; sérstaklega áhrif þeirra verkefna sem nutu örvunar þeirra fjögurra stefnumótandi aðgerða, sem lýst er í þessari yfirlýsingu, Manchester-yfirlýsingunni og aðgerðaáætluninni.

Ráðherrarnir viðurkenna að rafræn stjórnsýsla gegnir stöðugt mikilvægara hlutverki í alþjóðlegu samhengi. Ráðherrarnir samþykkja að setja viðmið, deila reynslu af vel heppnuðum verkefnum og þróa samstarf við þriðja heims lönd. Einnig að veita athygli framtaksverkefni Portúgala um að treysta frekar samvinnu við Afríkulöndin, en þeir njóta aukalega góðs af evrópsk-afríska leiðtogafundinum sem mun eiga sér stað á meðan Portúgal gegnir formennskunni.

Ráðherrarnir samþykkja að leggja fram þessa yfirlýsingu til flutnings-, fjaraskipta- og orkuráðs og fagna áformum framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um að ná fram árangri í þeim aðgerðum sem lýst er í þessari yfirlýsingu.

Að lokum þakka ráðherrarnir þeim portúgólsku aðilum, sem gegna formennsku í leiðtogaráðinu og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna fyrir að skipuleggja fjórðu ráðherraráðstefnuna um rafræna stjórnsýslu og ráðherrafundinn, og hlakka til að taka þátt í ráðherraráðstefnunni um rafræna stjórnsýslu þegar Svíþjóð gegnir formennsku árið 2009.